



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2022

2204018SA KB/bg
Málalykill: oo.63

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr.46/1980 (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 590. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. apríl sl. um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að lögfesta að í undantekningartilvikum verði heimilt með samningi milli þess sveitarfélags sem í hlut á og hlutaðeigandi umsýsluaðila að víkja frá almennum reglum laganna hvað varðar hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veita þjónustu á grundvelli 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Er hér verið að lögfesta heimild sem hefur verið við lýði á grundvelli bráðabirgðaákvæðis.

Líkt og kemur fram í greinargerð var frumvarp þetta unnið í nefnd undir forystu félagsmálaráðuneytisins með fulltrúum frá ráðuneytinu, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og Vinnueftirliti ríkisins. Frumvarpið er í samræmi við niðurstöður þeirrar nefndar.

Sambandið styður heilshugar að frumvarpið verði að lögum enda kemur skýrt fram að túlka eigi umrædda heimild þröngt þannig að eingöngu sé um að ræða tilvik þegar aðstæður notenda þjónustunnar krefjast þess til lengri eða skemmri tíma og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Lögfesting ákvæðisins er mikilvægur þáttur í innleiðingu NPA þjónustu við fatlað fólk þar sem eytt er óvissu sem hefur ríkt þar sem ákvæðið hefur hingað til eingöngu verið bráðabirgða.

Sambandið hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri